

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1911.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 1. marz 1911 (A nr. 4, bls. 8—9).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 11. marz 1911 (A nr. 5, bls. 10—11).

Konungsbréf um lenging alþingistímans og um þingsuppsögn, undirskrifað af konungi 25. marz 1911 (A nr. 6, bls. 12—13).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 19. apríl 1911 (A nr. 7, bls. 14—15).

Fjáráukalög fyrir árin 1910 og 1911, undirskrifuð af konungi 7. júní 1911.

Bréf stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum sóknarprestsins að **64** Kálfafellsstað. 28. marz

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dags. 15. þ. m., og ósk hlutaðeiganda hefir stjórnarráðið fallist á, að Pétur Jónsson prestur á Kálfafellsstað frá næstkomandi fardögum að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

Þessi prestur er í fyrsta launaflokki (1700 kr.).

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar.

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurveiting **65** hlunninda handa sparísjóði. 28. marz

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá forstöðunefnd sparísjóðs Höfðhverfinga vill stjórnarráðið hérmeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. júní næstkomandi hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskip. 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparísjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sparísjóðsins.